

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
 b.t. Guðrúnar Pétursdóttur, formanns
 Skuggasundi 1
 101 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2020
 Tilvísun: OS2018030034/21.0
 Verknúmer: 3241005

Efni: Nýir virkjunarkostir til meðhöndlunar í 4. áfanga rammaáætlunar

Vísað er til tölvupóstsamskipta í byrjun október 2019 milli verkefnisstjóra Orkustofnunar og formanns verkefnisstjórnar, þar sem ákveðið var að Orkustofnun áframsendi, þann 1. febrúar 2020, verkefnisstjórn þá nýju virkjunarkosti sem stofnuninni bárust fyrir áramót og hún telur að nægjanleg gögn liggja fyrir um. Þó er ekki loku fyrir það skotið að frekari gögn geti borist stofnuninni fram að endanlegum skilafresti. Virkjunarkostirnir eru nýir í þeim skilningi að þeir hafa ekki verið til meðferðar í þriðja áfanga rammaáætlunar eða fela í sér nýja og svo breytta útfærslu á eldri virkjunarkostum að þörf sé á endurmati þeirra.

Nú hafa verið tilkynntir til Orkustofnunar alls 42 nýir virkjunarkostir, þar af 6 í vatnsafla, 7 í jarðhita og 29 í vindorku. Gagnaskil vegna virkjunarkostanna eru mismikil, allt frá því að tilkynnt hafi verið um fyrirhugaðan virkjunarkost og óskað eftir einkennisnúmeri fyrir hann og upp í það að skilað hafi verið þeim gögnum sem krafist er. Af þessum 42 virkjunarkostum liggja fyrir gögn um 12 þeirra sem stofnunin telur fullnægjandi, þar af 5 í vatnsafla, 1 í jarðhita og 6 í vindorku, og er þessum virkjunarkostum með innsendum gögnum hér með komið á framfæri til verkefnisstjórnar.

Um er að ræða þessa kosti:

Nr. í R4	Virkjunarkostur	Aðili	Afl [MW]	Orkugeta [GWh/ári]
R4103A	Skúfnavatnavirkjun	Vesturverk	16	86
R4158A	Hamarsvirkjun	Hamarsvirkjun	60	232
R4160A	Vatnsfellsstöð - Stækkun	Landsvirkjun	55	10 – 20
R4161A	Sigöldustöð - Stækkun	Landsvirkjun	65	6 – 10
R4162A	Hrauneyjafossstöð - Stækkun	Landsvirkjun	90	9 – 12
R4292A	Bolaalda	Reykjavík Geothermal	100	815
R4303A	Hnotasteinn	Quadran Iceland Development	190	-
R4318A	Sólheimar	Quadran Iceland Development	151	-
R4319A	Grímsstaðir	Quadran Iceland Development	134	-
R4320A	Norðanvindur	Quadran Iceland Development	34	-
R4321A	Þorvaldsstaðir	Quadran Iceland Development	45	-
R4330A	Butra	Quadran Iceland Development	18	78

Orkustofnun hefur sett fram gagnakröfur varðandi virkjunarkosti í vatnsafla og jarðhita og yfirfarið gögnin þannig að þau séu fullnægjandi, áður en þau eru áframsend til verkefnisstjórnar. Um stjórnáætlun vindorkunnar ríkir enn réttaróvissa og eru málefni hennar til meðhöndlunar innan stjórnarráðsins og upplýst hefur verið um áform um lagasetningu vegna hennar. Í ljósi þess að enn er beðið niðurstöðu hefur Orkustofnun haldið sig við sömu meðhöndlun á vindorku og unnið var eftir í þriðja áfanga rammaáætlunar, þ.e. að koma virkjunarkostum og gögnum um þá á framfæri við

verkefnisstjórn í samræmi við óskir virkjunaraðila, án þess að leggja endanlegt mat á það hvort þau séu fullnægjandi. Mögulegt er því að óska þurfi eftir frekari upplýsingum um vindorkukostina á síðari stigum.

Upplýsingar um tímabundna vefslóð til að sækja gögn um framangreinda virkjunarkosti verða sendar í dag með tölvupósti til formanns verkefnisstjórnar.

Gert er ráð fyrir því að með sama hætti verði uppfærður listi og gögn yfir virkjunarkosti send verkefnisstjórn fyrir 1. apríl nk. Stofnunin gerir ráð fyrir að þegar afgreiðslu þriðja áfanga rammaáætlunar lýkur af hálfu Alþingis verði lokadagsetning ákveðin.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Harpa Þórunn Pétursdóttir


Valdimar Eggertsson